



FUNDUR Í FRÆÐSLUNEFND BLÖNDUÓSBÆJAR

VEGNA BLÖNDUSKÓLA

Dagsetning: 10. Febrúar 2015. Haldinn í Blönduskóla KL: 17:00.

Dagskrá:

1. Farið yfir framkvæmdir sem standa yfir í Blönduskóla. Þórhalla Guðbjartsdóttir skólastjóri kynnir.
2. Kynning á verkefninu „Sterkar stelpur“. Þórhalla Guðbjartsdóttir skólastjóri kynnir.
3. Önnur mál.

Afgreiðslur:

Anna Kristín formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

- 1) **Framkvæmdir við Blönduskóla.**
Þórhalla sagði frá hugmyndavinnu sem fór af stað í haust. Markmið framkvæmda var að nýta þær byggingar sem fyrir eru á skólalóðinni. Fyrsti áfangi framkvæmda sem farið er að vinna að núna er að hreinsa út úr gamla íþróttasalnum og búningasklefum og þar á að koma fyrir fjölnota sal, eldhúsi og smíðakennslu. Í lok fundar ætlar fundarfólk að skoða framkvæmdir.
- 2) **„Sterkar stelpur“**
Þórhalla sagði frá því að stærsta þróunarverkefni sem er í gangi í skólanum núna er verkefnið „Orð af orði“ sem allir skólar í Húnavatnssýslum vinna að saman. En skólinn vinnur líka að öðru verkefni sem nefnist „Sterkar stelpur“. Það verkefni snýst um að bæta samskipti stúlkna á unglíngastigi. Verkefnið á að styrkja stelpurnar og gera þær sjálföruggari. Tímarammi verkefnisins eru 10 vikur og sjá umsjónakennarar um vinnu við verkefnið. Strákarnir fá einnig aukna athygli og hitta umsjónakennara sinn að jafnaði einu sinni í viku. Verkefnið lofar góðu.
- 3) **Önnur mál**
 - a. Erla Ísafold ræddi skólamáltíðir og spurði Þórhöllu hvort skólinn hafi þurft að hafa afskipti af matnum. Þórhalla sagðist fylgjast með málum og ræða reglulega við vertinn.
 - b. Formaður lagði fram bréf frá ýmsum hagsmunasamtökum sem nefndinni hafa boriðst til kynningar þ.a.m varðandi námsupplýsingakerfi.
 - c. Formaður sagði frá fyrirhuguðu námskeiði fyrir fræðslunefndir á svæðinu, 28. mars nk.



d. Þórhalla sagði frá því að skólinn fékk fjármagni úthlutað á fjárhagsáætlun fyrir endurnýjun á tölvubúnaði í skólanum og á að endunýja borðtölvur í skólastofum og fartölvur fyrir það fjármagn.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:45.

Anna Kristín Davíðsdóttir

Kristín Jóna Sigurðardóttir

Kristín Ingibjörg Lárusdóttir

Guðmundur Sigurjónsson

Erla Ísafold Sigurðardóttir (fulltrúi foreldra)

Þórhalla Guðbjartsdóttir

Lilja Árnadóttir (fulltrúi kennara)

Linda Sóley Guðmundsdóttir